


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>Samskipti SASK 2SS05 Fjarnám</b> <b>Námsáætlun vorönn 2017</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	María Albína Tryggvadóttir (maria@vma.is)	<b>Sk.st.</b>	MAL
----------------	---	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um mikilvægi góðra samskipta milli manna. Fjallað er um mikilvægi samkenndar, jafnréttis, mannvirðingar og mannréttinda í samskiptum. Farið er í eflandi samskipti sem byggja á virðingu og fordómaleysi á jafnréttisgrundvelli. Fjallað er um áhrif ólíkra menningarheima og tjáskiptareglna á mótun samskipta einstaklinga, hópa og þjóða. Farið er í áhrif sjálfsmyndar og sjálfstrausts á samskipti og hvað heilbrigðisstarfsmenn þurfa að hafa í huga í samskiptum við skjólstæðinga, samstarfsfólk og aðstandendur.

### Þekkingarviðmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi góðra samskipta
- mikilvægi eflandi samskipta, sem byggja á virðingu, samkennd, fordómaleysi og jafnrétti
- áhrifum ólíkra menningarheima á samskipti
- áhrifum sjálfsmyndar og sjálfskilnings á samskipti
- aðstæðum sem geta haft áhrif á samskipti
- hvernig heilbrigðisstarfsmenn geta notað samskipti á árangursríkan hátt

### Leikniviðmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- setja sig í spor annarra í samskiptum
- sýna samkennd, virðingu og fordómaleysi í samskiptum
- nota samskiptareglur og viðtalstækni á áhrifaríkan hátt í samskiptum
- læra af eigin samskiptum og annarra

### Hæfniviðmið:

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- eiga góð samskipti við annað fólk án tillits til stöðu, aldurs eða þjóðernis
- eiga farsæl samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk í starfi
- leysa samskiptaerfiðleika af þekkingu og virðingu fyrir sjónarmiðum allra hlutaðeigandi

### Námsgögn:

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Samskipti SASK 2SS05 Fjarnám</b> <b>Námsáætlun vorönn 2017</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Fengin frá kennara- á netinu/Moodle.

**Áætlun um yfirferð:**

	Námsefni
1. lota	Er hjúkrun samskiptastarf? Samskiptakenning- eflandi og niðurbrjótandi samskiptahættir Hugmyndir okkar um annað fólk Fordómar og sjúkdómar Samskipti við fólk af erlendum uppruna í íslensku heilbrigðiskerfi Tilfinningar Sjálfstyrking, sjálfstraust Ákveðni og óákveðni
2. lota	Tvöföld skilaboð, þú og ég boð Virk hlustun. Líkamstjáning, tjáskipti án orða, áhrif orðavald í samskiptum Nánd í samskiptum Samskipta- og viðtalstækni. Myndbandsverkefni Að ræða „erfið“ mál við skjólstæðinga Vinnustaðurinn :Að efla sjálfan sig í samskiptum- vinnustaðurinn.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Annarpróf	Eitt moodle próf á önninni	15 %	
Verkefni	Vikuleg verkefni	20 %	
Myndbands- verkefni	Upptaka af samskiptum	15 %	
Lokapróf	Í annarlok	50 %	
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>
<b>Annað:</b> Til að ljúka áfanganum þarf að ná 4 í lokaprófinu og skila myndbandsverkefninu.			

Dagsetning: 26/1 17

María A. Fr.  
Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd.  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils